


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS	<b>ÍSL 303</b>	<b>Kennsluáætlun haustönn 2010</b>
Síða 1 af 2		

<b>Kennari</b>	Benedikt Bragason, Kristín Árnadóttir, Þórdís Jónsdóttir	<b>Sk.st.</b>	BEB, KRÁ, ÞHJ
----------------	--	---------------	---------------

### Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á íslenskar bókmenntir og sögu þeirra frá landnámsöld til siðaskipta. Nemendur fræðast um tungutak forn málsins, auk þess sem þeir kynnast norrænni goðafræði og hugmyndaheimi norrænna manna til forna. Nemendur fræðast um flokkun sagna frá þessu tímabili og um sérkenni hvers þeirra, m.a. út frá stílfraðilegum einkennum. Í áfanganum er lesin ein Íslendingasaga, valdir kaflar úr *Snorra-Eddu*, valin eddu- og dróttkvæði auk *Völuspár* og hluta *Hávamála*. Nemendur tjá sig í ræðu og riti um efni áfangans og nota heimildir við verkefnavinnu.

### Markmið:

Að nemandi:

- kynnist heimsmyndinni sem kemur fram í Gylfaginningu
- þekki forna bragarhætti
- átti sig á skiptingu eddukvæða í goða- og hetjukvæði, hugmyndafræði þeirra og boðskap
- þekki skáldamál drótt- og eddukvæða, heiti og kenningar
- kynnist helgikvæðum og veraldlegum skáldskap frá síðmiðöldum
- kynni sér upphaf ritmennta á Íslandi og þekki helstu flokka sagna frá upphafi ritunar
- lesi a.m.k. eina viðamikla Íslendingasögu og geti gert grein fyrir efni hennar.
- 

### Námsgögn:

- *Leiðslubók* frá 1997 og síðar, eftir Jón Árna Friðjónsson
- *Ormurinn langi* frá 2005 og síðar, eftir Braga Halldórsson, Knút S. Hafsteinsson og Ólaf Oddsson
- *Íslenska 303*. Valdir kaflar úr *Snorra-Eddu* og nokkrar dróttkvæðar vísur. Selt á skrifstofu VMA.
- *Laxdæla saga* í útgáfu Máls og menningar frá 1993 og síðar. Athugið að einnig er hægt að nota aðrar útgáfur.


### Áætlun um yfirferð;

**19.8. - 20.8. Kynning á áfanganum og námsefninu.**

**1. lota 23.8. - 3.9.:**

**Heiðin heimsmynd og Gylfaginning:** Fjallað verður um heiðinn sið og þá heimsmynd sem hann byggir á.

*Íslenska 303* (textahefti) og *Leiðslubók* bls. 9 – 24.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ	<b>ÍSL 303</b> <b>Kennsluáætlun haustönn 2010</b>	
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		

## 2. Iota 6.9. - 24.9.

**Eddukvæði:** Farið verður í eddukvæði með megináherslu á *Völuspá* og *Hávamál*. *Ormurinn langi* bls. 7 – 46, *Leiðslubók* bls. 19 – 24 og *Íslenska 303* bls. 255-262. Lotunni lýkur með prófi úr Gylfaginningu og eddukvæðum sem gildir 30% af lokaeinkunn.

## 3. Iota 27.9. - 15.10.

**Dróttkvæði, helgikvæði og veraldlegur kveðskapur á síðmiðöldum:** Áhersla er lögð á bragfræðileg einkenni og sérhæft skáldamál dróttkvæða. *Íslenska 303*, 5 síðustu bls. Lesið um kveðskapargreinina í *Leiðslubók* bls. 24 – 28 og um höfundana í *Orminum langa* bls. 92, 109 og 111.

## 4. Iota 18.10 – 22. 10.

**Upphaf ritunar og sagnabókmennta:** Kynning á því fyrsta sem ritað var á íslensku og helstu flokkum sagnabókmennta. Megináherslan verður lögð á helstu sérkenni Íslendingasagna hvað varðar stíl, byggingu og persónusköpun. *Leiðslubók* bls. 29 – 62 og *Ormurinn langi* bls. 127, 133 – 137.

## 5. Iota 25.10. - 30. 11.

**Laxdæla:** Kynning og inngangur. Inngangur sögunnar („Um Laxdælu“ bls. vii – xxv (7 – 25) og farið yfir söguna, u.þ.b. 30 kafla á viku. Lotunni lýkur svo á samantekt á sögunni og verkefnavinnu úr henni. Inngangur *Laxdælu* og sagan sjálf aftur að kafla 79 (bls. 189) . Einkunn fyrir verkefnavinnu lotunnar gildir 10% af lokaeinkunn.

### Námsmat og vægi námsþátta:

Próf úr <i>Gylfaginningu</i> og eddukvæðum	30%
Verkefni úr <i>Laxdælu</i>	10%
Lokapróf í annarlök	60%

Lágmarkseinkunn á lokaprófi verður að ná 4.5 til að verkefni og próf yfir önnina séu metin til lokaeinkunnar úr áfanganum.

Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils